

Svona vinnum við 2015

Samfélagsábyrgð



ata

Kveðja frá framkvæmdastjóra

Mikilvægi samfélagsábyrgðar og umhverfis-meðvitundar er sífellt að verða meira áberandi í fyrirtækjarekstri, en við hjá Alta höfum haft stefnu um samfélagsábyrgð frá því að Alta var stofnað 2001. Þetta er í sjötta sinn sem við tökum saman árangur okkar í samræmi við skilmála UN Global Compact, en við urðum formlega aðilar að samningnum 2009. Við erum næst elsti þátttakandi á Íslandi í UN Global Compact. Þó umhverfismál og samfélagsleg ábyrgð hafi lengi verið hluti af okkar starfi þá sýnir reynslan okkur að samfélagsábyrgðin og sá hugsunarháttur sem henni tengist, er afar góður grunnur til að byggja á og aðstoðar okkur við að horfa fram á veginn, skilja og takast á við breytingar á þessu sviði.

Í þessi skjali er farið yfir hestu atriði í starfsemi Alta sem snúa annarsvegar að bættum mannréttindum, vinnumarkaðsmálum og vinnu gegn spilingu og hinsvegar um umhverfismál og viðspyrnu gegn hrattrænni hlýnun. Á árinu skrifaði Alta, auk 104 fyrirtæka í Reykjavík, undir yfirlýsingu um loftlagsmál með því markmiði að „draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og lágmarka neikvæð umhverfisáhrif með markvissum aðgerðum“.



Þar sem umhverfismál eru nú þegar svo samgróin stefnu fyrirtækisins verður krefjandi verkefni næstu ára að leita nýrra leiða til að lágmarka gróðurhúsaáhrif enn frekar. Helstu áhrif sem Alta getur haft eru á sitt eigin starfólk og vinnuumhverfi þeirra en einnig hefur fyrirtækið áhrif með ráðgjöf sinni í umhverfis- og skipulagsmálum sem yfirleitt eru samofin þessum áskounum.

Með þessari árlegu samantekt er litið yfir farin veg og árangur síðustu ára um leið og við leitum tækifæra til að bæta okkur.

Halldóra Hreggviðsdóttir



Alta

Alta er ráðgjafarfyritæki á sviði stefnumótunar, verkefnisstjórnunar, skipulags-, umhverfis- og byggðapróunar. Viðskiptavinir okkar eru sveitarfélög, fyrirtæki, opinberar stofnanir, ráðuneyti og félagasamtök.

Alta er hópur samstarfsmanna sem aðstoðar viðskiptavinum við að ná farsælum árangri í krefjandi verkefnum. Við viljum vera þekkt af góðum verkum sem leiða til jákvæðra breytinga.

Þessu viljum við ná með eftirfarandi hætti:

- » Byggja ráðgjöf okkar á því að virðing fyrir verðmætum, samfélagi og umhverfi leiði til bestu lausnar fyrir viðskiptavininn. Við nálgumst verkefni okkar á heildstæðan hátt og vinnum með viðskiptavinum, hagsmunaaðilum og fagfólki til að ná betri árangri.
- » Vera góðir samstarfsaðilar. Við leggjum áherslu á traust og heiðarleika í öllum samskiptum. Ábyrg, sjálfstæð og markviss vinnubrögð einkenna allt okkar starf.
- » Hafa framúrskarandi starfsfólk sem hefur breiða þekkingu og áhuga á að vera drifkraftur jákvæðra breytinga í samfélaginu. Frjótt andrúmsloft og gott vinnuumhverfi geri Alta að eftirsóttum vinnustað fyrir slíkt starfsfólk.



Þrjár stoðir í stefnu Alta

Starfið byggjum við á þremur stoðum:

Að fara vel með verðmæti og uppfylla væntingar viðskiptavina

- » Við leggjum áherslu á góðan undirbúning og skilgreiningu á þeim árangri sem að er stefnt og leitum hagkvæmustu leiða.
- » Við gerum vandaða samninga og verkáætlanir til þess að allur kostnaður sé sem fyrirsjáanlegastur.
- » Við gætum öryggis í meðferð og vistun gagna.
- » Við leitumst við að hafa allt verklag skýrt og skipulegt.
- » Við fylgjumst vel með tækni og nýjungum sem gera starf okkar auðveldara og skilvirkara.
- » Við erum gagnrýnin á eigin verk, metum árangur með viðskiptavinum og virðum ábendingar um það sem betur má fara.
- » Við gætum trúnaðar um málefni viðskiptavinarins.

Að skapa frjótt vinnumhverfi þar sem starfsfólki líður vel og er ánægt í starfi

- » Við lærum hvert af öðru og ræðum viðfangsefni okkar innan hópsins.
- » Starfsfólk vinnur oft saman að verkefnum í teyrum.
- » Vinnutími starfsmanna er sveigjanlegur.
- » Vinnumhverfi er notalegt, öruggt og heilsusamlegt.
- » Við stuðlum að góðri heilsu starfsmanna m.a. með því að hvetja til hreyfingar og hafa hollan mat á boðstólum.
- » Við hvetjum starfsfólk okkar til að efla sig í starfi með því að fylgjast vel með þróun á fagsviði hvers og eins og stunda símenntun sem nýtist í starfi.
- » Við miðlum þekkingu okkar til viðskiptavina, almennings og annarra m.a. með kynningum, greinum og námskeiðum.
- » Við fögnum sigrum okkar saman.

Að umhverfisstarf okkar sé til fyrirmyndar

- » Við vinnum stöðugt og skipulega að því að minnka umhverfisáhrif frá allri starfsemi okkar.
- » Við vinnum að því að minnka losun gróðurhúsalofttegunda vegna bílanotkunar okkar og flugferða.
- » Við innkaup á vörum og þjónustu eru sett skýr umhverfisskilyrði og ávallt reynt að velja umhverfisvæna valkosti.
- » Við fylgjumst með grænum lykiltölum okkar og setjum árlega mælanleg markmið og aðgerðaráætlun um þýðingarmestu umhverfisþætti í starfsemi okkar.
- » Upplýsingar og aðgerðir í umhverfisstarfi okkar eru einfaldar og aðgengilegar fyrir starfsfólk.
- » Allt starfsfólk hefur góða þekkingu á umhverfismálum og umhverfisstarfi fyrirtækisins.



Alta vill stuðla að minni mengun, losun GHL, bættu borgarumhverfi og heilsu starfsmanna.

- » Það gerum við með því að:
- » Gera samgöngusamning við starfsfólk.
- » Þjóða sturtuáðstöðu – gerum starfsfólki auðveldara að hjóla til vinnu.
- » Hafa áðstöðu til að geyma hjól og geta læst þeim við hjólastand við Ármúla 32.
- » Starfsmenn er hvattir til að hjóla (Hjólað í vinnuna og Lífshlaupið ofl).
- » Strætómiðar til taks á vinnustað og samgöngusamningur gerður við Stætó bs.
- » Nýta fjarfundabúnað til að draga úr ferðum og hvetja samstarfsaðila að gera slíkt hið sama.
- » Sveigjanlegur vinnutími, möguleiki á að vinna heima.
- » Hafa bíl til umráða hjá Alta – starfsfólk þarf ekki eigin bíl til að nota í vinnutíma.
- » Óska eftir visthæfum leigubílum.

Til þess að sýna vilja í verki þá er Alta félagi í eftirfarandi samtökum:



Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð.



UN Global Compact eða Meginreglur Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi, vinnumál, umhverfismál og aðgerðir gegn spillingu.



Nordic Built, norræn samtökum sem stuðla að sjálfbærum lausnum í byggingariðnaði.

Mannréttindi og spilling

Viðmið 1: Fyrirtæki styðja og virða vernd alþjóðlegra mannréttinda

Viðmið 2: Fyrirtæki fullvissa sig um að þau gerist ekki meðsek um mannréttindabrot.

Það er innkaupastefna Alta sem helst tekur á ofangreindum viðmiðum. Við innkaup Alta er fylgt eftirfarandi forgangsröðun:

- » Valdar eru vörur sem staðfest er m.a. með vottunum að séu tilkomnar á ábyrgan hátt, t.d. umhverfismerktar eða lífrænt ræktaðar.
- » Valdar eru frekar vörur sem hafa minni umhverfisáhrif. Hér er einkum átt við innihaldsefni, endingu, orkunotkun, flutninga, umbúðir og endurvinnslumöguleika vörunnar við förgun. Leitað er upplýsinga hjá seljanda.
- » Tekið er mið af líftímakostnaði vörunnar en ekki bara innkaupsverðinu. Líftímakostnaður er kostnaðurinn vegna innkaupa, við rekstur og við förgun. Bornir eru saman valkostir með tilliti til þess.
- » Óskað er eftir öryggisblöðum um þær efnavörur sem keyptar eru.
- » Leitast er við að kaupa vöru eða þjónustu af þeim sem hafa sett sér stefnu í samfélagsábyrgð.
- » Forðast skal að kaupa vöru eða þjónustu af fyrirtækjum sem talin eru hafa brotið mannréttindi í sínu starfi eða þar sem vitað er um spillingu.



Dæmi um vottanir sem við leitum eftir við kaup á vörum:

Svanurinn

Svanurinn er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna. Strangar kröfur Svansins tryggja að Svansmerkt vara er betri fyrir umhverfið og heilsuna.



Ecolabel

Til þess að uppfylla kröfur Blómsins eru umhverfisáhrif vörunnar metin, til að mynda orkunotkun við framleiðslu eða umhverfisálag við notkun og íblöndun kemískra efna.



Rainforest Alliance:

Markmið Rainforest Alliance er að viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika og vistkerfum ásamt því að tryggja sjálfbært lífsviðurværi framleiðenda.



Fairtrade:

Markmið Fairtrade vottunar er að stuðla að sanngjörnum viðskiptum við framleiðendur sem búa við bág skilyrði og starfsfólki sem berst við fátækt.



Organic:

Markmið Organic vottunar er að búskapur sé stundaður í sátt við umhverfi sitt, verndi umhverfið, leggi áherslu á velferð dýra og skapi ný tækifæri fyrir byggðir í drefibýli.



Tún:

Tún er faggild eftirlits- og vottunarstofa fyrir lífræna og sjálfbæra framleiðslu. Markmið Túns er að veita gæðþjónustu til framleiðenda í landbúnaði, sjávarútvegi og vinnslu náttúrulegra afurða.

Vinnumarkaður

Viðmið 3: Fyrirtæki styðja við félagafrelsi og viðurkenna í raun rétt til kjarasamninga.

Viðmið 4: Fyrirtæki tryggja afnám allrar nauðungar- og þrækkunnarvinnu.

Viðmið 5: Virkt afnám allrar barnavinnu er tryggt.

Viðmið 6: Fyrirtæki styðja afnám misréttis til vinnu og starfsvals.

Viðmið 10: Fyrirtæki vinna gegn hvers kyns spillingu, þar með talið kúgun og mútum.

Alta gerir ráðningarsamninga við allt sitt starfsfólk, þar sem tryggt er að samband Alta og starfsfólks uppfylli lög og reglur á vinnumarkaði á Íslandi, þar með talið félagafrelsi og rétt til kjarasamninga. Innkaupareglur okkar koma einnig inn á ofangreind viðmið.

Alta hugar auk þessa að vinnuáðstæðum og öryggismálum starfsfólks og reynir af fremsta megni að stuðla að heilsusamlegu og góðu umhverfi fyrir alla starfsmenn sína og vill með því skapa vinnuumhverfi sem stuðlar að velferð og árangri í starfi og samfélagi og hvetur starfsmenn fyrirtækisins til að leggja sitt af mörkum. Samgöngusamningur býðst öllum starfsmönnum og er hann ætlaður til þess að styðja við almenna hreyfingu starfsfólks.

Starfandi er öryggisnefnd sem sér um að lögum og reglum á því sviði sé fylgt. Einnig er séð til þess að merkingar varðandi brunavarnir séu í

lagi og viðbrögð við jarðskjálfta hafa verið kynnt starfsfólki. Upplýsingar varðandi öryggismálin eru allar á innra vef Alta og eru ávallt aðgengilegar.

Starfsánægja

Ánægja starfsmanna skiptir öll fyrirtæki máli. Samskipti, vinnuáðstæður, matur og hreyfing, eru allt þættir sem áhrif hafa þar á. Til að sporna gegn þaulsetu starfsmanna eru allir starfsmenn með upphækkanleg skrifborð. Einnig höfum við leikfimirimla og yógadýnur þar sem hægt er að gera æfingar. Til að minna á mikilvægi hreyfingar tókum við þátt í Lífshlaupinu sem er heilsu- og hvatningarverkefni Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands og áttakinu Hjólað í vinnuna sem er líka á vegum ÍSÍ og hvetjum almennt til notkunar vistvænna samgöngumáta.

Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands og áttakinu Hjólað í vinnuna sem er líka á vegum ÍSÍ og hvetjum almennt til notkunar vistvænna samgöngumáta.



Markmið síðasta árs voru eftirfarandi:

Markmið fyrir 2015	Árangur 2015
Skyndihjálparnámskeið starfsmanna og aðstandenda	Frestað til janúar 2016
Halda tvö erindi sem gera starfsmenn meðvitaðri um áhrif þaulsetu við vinnustöð	Stóðst ekki
Framkvæma starfsmannakönnun	Stóðst ekki

Þessi markmið hafa ekki gengið eftir og verða endurskoðuð á þessu ári.

Alta hefur sett sér eftirfarandi markmið í starfsmannamálum fyrir árið 2016:

Markmið fyrir 2016
Skyndihjálparnámskeið starfsmanna og aðstandenda
Halda eitt erindi sem gera starfsmenn meðvitaðri um áhrif þaulsetu við vinnustöð
Veita starfsmannafélagi Alta, Malta, 100.000.- styrk
Starfsfólk fari í skemmtiferð til Grundarfjarðar
Halda vikulega starfsmannafundi 11 mánuði á ári (undanskilinn sumarleyfismánuður)

Umhverfi

Viðmið 7: Fyrirtæki sýni varúð í umhverfismálum

Viðmið 8: Fyrirtæki hafi frumkvæði að því að hvetja til aukinnar ábyrgðar gagnvart umhverfinu.

Viðmið 9: Fyrirtæki hvetji til þróunar og nýtingar á umhverfisvænni tækni.

Alta sérhæfir sig m.a. í ráðgjöf í stefnumótun, skipulagsmálum og byggðaþróun. Mestu jákvæðu áhrif Alta snúa því að þeim breytingum sem viðskiptavinir Alta fá áorkað í kjölfar samstarfs við Alta. Samgöngur starfsmanna ásamt innkaupum og notkun á auðlindum, líkt og rafmagni og heitu vatni eru helstu neikvæðu umhverfisáhrif Alta.

Umhverfisstarf Alta

Góður árangur hefur náðst í gegnum tíðina við að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum okkar og auka þau jákvæðu. Umhverfisstarfið er hluti af okkar daglegu störfum, t.d. með flokkun alls úrgangs, með því að velja því ávallt fyrir sér hvort prentun sé nauðsynleg, með notkun fjarfundabúnaðar eins og hægt er og nota vistvæna samgöngumáta eins og kostur er bæði til og frá vinnu og í henni.


Við fyrstu sýn virðist Alta ekki hafa staðið sig nógu vel umhverfismálum á árinu 2015. Við höfum hins vegar unnið svo lengi að umhverfismálum að það verður æ erfiðara að ná metnaðarfullum markmiðum. Ljóst er að markmið Alta voru full metnaðarfull fyrir árið 2015 og verður tekið tillit til þess á næsta ári.

Markmið fyrir árið 2015 sem sjá má hér:

Markmið fyrir 2015	Árangur 2015
Að auka hlutfall vistvænna ferða til og frá vinnu í 35%.	Stóðst
Draga úr orkunotkun um 2%	Stóðst ekki
Að nota eingöngu vistvæna leigubíla.	Stóðst ekki
Samgöngusamningur í boði fyrir alla starfsmenn.	Stóðst
Fá 100% skráningu á ferðum starfsmanna í kerfinu.	Stóðst ekki
Mæla almennan úrgang sér til að fá betri tölu um hlut hans.	Stóðst ekki
Minnka óflokkað sorp í 15%	Stóðst ekki
Skoða fleiri leiðir til að draga úr úrgangi, t.d. að kaupa í áfyllanlegar umbúðir.	Stóðst

Markmið fyrir árið 2016 sem sjá má hér:

Markmið fyrir 2016
Minnka óflokkað sorp í 15%
Að auka hlutfall vistvænna ferða til og frá vinnu í 48%.
Draga úr orkunotkun um 2%
Að biðja eingöngu um vistvæna leigubíla.
Fá 100% skráningu á ferðum starfsmanna í kerfinu.



Grænt bókhald

Alta heldur grænt bókhald til þess að fá haldgóðar upplýsingar um þær lykiltölur sem horfa þarf á í umhverfismálum. Grænt bókhald kemur meðal annars inn á innkaup á rekstarvörum, ferðir starfsmanna, orkunotkun og losun úrgangs. Tölur hvers árs er síðan hægt að bera saman við tölur fyrri ára til þess að sjá hver árangurinn af umhverfisstarfi fyrirtækisins er.

Alta notfærir sér viðmót sem hægt er að sækja inni á [vef Vistvænna innkaupa](#) til þess að halda utan um sitt græna bókhald. Grænar tölur í dálkinum lengst til hægri merkja jákvæðan árangur á meðan að rauðar tölur sýna að árangur hefur versnað á milli ára.

Loftslagsyfirlýsing

Alta var eitt 104 fyrirtækja sem skrifuðu undir yfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar um markmið í loftslagsmálum í nóvember 2015. Með yfirlýsingunni skuldbinda fyrirtækin sig til að sýna samfélagsábyrgð í verki með því að:

1. Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda
2. Minnka myndun úrgangs
3. Mæla árangurinn og gefa reglulega út upplýsingar um stöðu ofangreindra þátta

Markmið Alta er að minnka losun í samræmi við Parísarsamkomulagið, um 40% til 2030, miðað við 1990. Þá sé áfram haldið með þá stefnu að úrgangi sé fargað á sem ábyggastan hátt hverju sinni.

Samantekt á Grænu bókhaldi má sjá hér:

	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	Breyting milli ára frá 2009 til 2010	Breyting milli ára frá 2010 til 2011	Breyting milli ára frá 2011 til 2012	Breyting milli ára frá 2012 til 2013	Breyting milli ára frá 2013 til 2014	Breyting milli ára frá 2014 til 2015		
Stöðugildi	8.00	7.00	6.50	5.50	5.90	6.50	6.80								
Stærð bygginga, m2	309	309	309	309	309	309	309								
Pappír															
Pappír	Skrifstofupappír kg/stöðugildi	28.10	29.43	16.62	33.00	18.95	13.75	11.62	5%	-44%	99%	-49%	-19%	-15%	
	Skrifstofupappír, kr			27,582							-100%				
	Samsvarar fjölda trjáa, stk	3.37	3.09	1.62	2.72	1.50	1.22	1.19	-8%	-48%	68%	-45%	-19%	-3%	
	Hlutfall umhverfismerkts skrifstofupappírs, %			100.00%	100.00%	100.00%	100.00%	100.00%			0%	0%	0%	0%	
	Hlutfall umhverfismerktrar prentþjónustu, %	100.00%	98.90%	100.00%	97.80%	100.00%	100.00%	100.00%	-1%	1%	-2%	2%	0%	0%	
Ræstingar															
Ræstingar	Ræstiefni löstöðugildi		0.86	0.94	0.64	2.67	2.31	1.18		9%	-32%	319%	-13%	-49%	
	Hlutfall umhverfismerkts ræstiefnis, %		0.50	1.00	1.00	1.00	1.00	1.00		100%	0%	0%	0%	0%	
Rafmagn og heitt vatn															
Rafmagn og heitt vatn	Rafmagn, kr														
	Rafmagn kWh/stöðugildi	2013.50	2228.50	2905.38	2951.27	2114.17	2049.08	2060.59	11%	30%	2%	-28%	-3%	1%	
	Rafmagn kWh/m2	52.13	50.44	61.12	52.53	40.37	43.10	45.35	-3%	21%	-14%	-23%	7%	5%	
	Heitt vatn m3/m2	0.81	0.50	0.65	0.62	0.77	0.81	1.02	-39%	31%	-4%	23%	5%	26%	
	Heitt vatn m3/stöðugildi	31.13	21.86	30.92	35.09	40.37	38.49	46.31	-30%	41%	13%	15%	-5%	20%	
Ferðir															
Ferðir	Losun CO2 vegna aksturs, CO2(t)/stöðugildi	0.41	0.32	0.83	0.71	0.37	0.45	0.25	-23%	162%	-15%	-48%	21%	-44%	
	Losun CO2 vegna flugs, CO2(t)/stöðugildi	1.51	0.37	0.42	1.10	0.48	0.53	0.46	-75%	12%	166%	-56%	10%	-13%	
	Akstur, km á stöðugildi					5,953.22	4,729.69	3,363.82					-21%	-29%	
	Flug, km á stöðugildi					30,451.14	32,275.12	33,480.00						6%	4%
	Fjöldi trjáa sem þarf á einu ári til að binda CO2 losun:	7,885.00	2,405.00	4,055.00	4,984.50	1,538.15	1,970.18	1,888.08	-89%	69%	23%	-69%	28%	-14%	
Úrgangur															
Úrgangur	Lifrænn úrgangur, kg/stöðugildi					71	105	63					47%	-40%	
	Flokkadur úrgangur, kg/stöðugildi	76	117	118	148	61	56	57	55%	1%	26%	-59%	-9%	1%	
	Óflokkaður úrgangur, kg/stöðugildi	47	42	48	83	44	30	19	-11%	14%	74%	-47%	-33%	-37%	
	Heildarmagn úrgangs, kg/stöðugildi	984	1,113	1,079	1,274	1,039	1,237	943	13%	-3%	18%	-18%	19%	-24%	
	Hlutfall óflokkaðs úrgangs, %	38.58%	26.42%	28.92%	35.97%	25.16%	15.61%	13.46%	-32%	9%	24%	-30%	-38%	-14%	
Aðrar rekstrarvörur- hlutfall umhverfismerkra vara															
Aðrar rekstrarvörur	Plastpokar					65%	54%	70%					-17%	29%	
	Hreinlætisappír	0%	100%	100%	100%	100%	77%	100%		0%	0%	0%	-23%	30%	
	Prentnyki														
	Serviettur					83%	100%	100%					20%	0%	
	Biopokar					100%	100%	100%					0%	0%	
	Wc pappír		100%	100%	100%	100%	100%	100%		0%	0%	0%	0%	0%	
Vax															

Innkaup

Alta vill vera í góðum samskiptum við sína birgja og er stöðugt að vinna í því að bæta innkaup sín með áherslu á umhverfi og samfélag. Við leggjum einnig áherslu á að draga úr innkaupum okkar eins og kostur er og hugsum um endingu, gæði og umhverfisáhrif vörunnar. Innkaup á pappír voru minnkuð á árinu um tæp 15%. Þá minnkuðu notaðir lítrar af ræstiefnum um 49% á hvern starfsmann.

Markmið í innkaupum Alta fyrir árið 2016 er eftirfarandi:

- » Auka notkun á fjölnota umbúðum enn frekar

Orka

Alta fylgist vel með orkunotkun sinni þó svo að ekki sé hægt að fá notkunartölur fyrir rafmagn og heitt vatn í starfsstöð Alta í Grundarfirði.



Ferðir

Annars vegar mælir Alta ferðir starfsmanna til og frá vinnu og hinsvegar allar ferðir á vinnutíma.

Hlutfall vistvænna ferða starfsmanna til og frá vinnu var 46% á árinu sem er verulega góður árangur þegar litið er til þess að ekki búa allir starfsmenn svo vel að geta nýtt sér vistvænar samgöngur.

Þegar kemur að ferðum í vinnu er erfitt að hvetja starfsmenn til þess að nota fyrst og fremst vistvæna samgöngumáta, einfaldlega vegna þess að það getur verið tímafrekt að hjóla langar leiðir. Hinsvegar eru allir starfsmenn hvattir til þess að nota hjól eða strætó þegar það á við.

Einnig eru starfsmenn hvattir til þess að nota alltaf fjarfundarbúnað þegar það á við.

Á síðasta ári var ákveðið að öllum starfsmanna stæðu samgöngusamningar til boða og hafa nú 5 starfsmenn skrifað undir slíkan samning.

Í grænu bókhaldi ársins 2016 sést að eknum kílómetrum hvers starfsmanns fækkar um rúm 29% á meðan flugferðir aukast um tæp 4%. Aukningu í flugferðum má rekja til verkefna úti á landi en ástæða þess að starfsmenn aka færri kílómetra er erfitt að útskýra. Hugsanlegt er þó að notkun á fjarfundarbúnaði sé að aukast.

Markmið í ferðamálum Alta fyrir árið 2016 eru eftirfarandi:

- » Fá 100% skráningu á ferðum starfsmanna til og frá vinnu
- » Að auka hlutfall vistvænna ferða til og frá vinnu um 2 prósentustig
- » Að hvetja áfram til notkunar á vistvænum leigubílum



Úrgangur

Úrgangsmál hafa lengi verið í hávegum höfð hjá Alta. Í Ármúla er flokkað í 10 flokka og þá er flokkað í 8 flokka á Grundarfirði. Lífrænn úrgangur minnkaði um 40% á árinu og heildarmagn úrgangs minnkaði minnkaði um 24% og er nú aðeins 139 kg á starfsmann.

Hlutfall almenns úrgangs hjá Alta hefur minnkað um 37%, en þess ber einmitt að geta að í húsinu leigja önnur fyrirtæki skrifstofur og því er ekki hægt að segja nákvæmlega til um það hversu mikið fer óflokkað hjá Alta.

Vísbendingar um þennan góða árangur hafa þó komið umræðu af stað í Alta um það hvort hægt sé að komast alveg hjá því að vera með óflokkaðan úrgang á komandi árum.

Markmið í úrgangs Alta fyrir árið 2016 eru eftirfarandi:

- » Að bæta okkur stöðugt í úrgangsmálum



Annað

Miðlun þekkingar

Áhrif Alta á samfélagið eru fyrst og fremst í gegnum okkar ráðgjöf, ásamt miðlun á þeirri þekkingu sem starfsfólkið býr yfir og þróunarvinnu í okkar sérgreinum.

Markmið fyrir 2015	Árangur 2015
Að skrifa þrjár greinar	Staðist
Stúdentaheimsóknir	Staðist
Miðla þekkingu til hópa sem koma í heimsókn	Staðist
Miðla af reynslu okkar til nýrra granna á Grundarfirði.	Staðist
Þjóða fyrirtækjum ókeypis spjall um tækifæri á sviði umhverfis og samfélagsábyrgðar	Stóðst ekki
Innleiða ISO 9001 og ISO 14001	Staðist

Á árinu innleiddi Alta viðurkennt gæðakerfi skv. stöðlum um ISO 9001 og ISO14001 sem var stórt skref í rétta átt. Einnig tók Alta á móti ýmsum hópum og kynnt starfsvið sitt og áherslur.

Lokaorð

Samfélagsábyrgð og umhverfismál hafa lengi verið hluti af grunnstefnu Alta og eru rótgróinn hluti af daglegri starfsemi. Þó að grunnurinn sé sterkur erum við sífellt með það að markmiði að bæta okkur. Þó að markmiðin náist ekki öll í fyrstu atrennu höldum við ótrauð áfram að því að bæta vinnubrögð með hagsmuni samfélags og umhverfis að leiðarljósi. Það er von okkar að reynsla Alta í þessum málaflokki geti verið öðrum fyrirtækjum hvatning til þess að fleiri fyrirtæki skoði eigin starfsemi með gagnrýnum hætti.

Við finnum það vel hversu gagnleg þessi vinna hefur verið í gegnum tíðina og skilar sér bæði í sparnaði og stolti starfsmanna.



alta

